


# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál



## Stjörnusambandsstöð

Síðan Félag nýalssinna var stofnað hafa komið fram ýmsar hugmyndir um útlit stórrar stjörnusambandsstöðvar. Hér er ein slík hugmynd.

## Efnisyfirlit

Fréttir af félagsstarfi (almennir fundir) .....	Bls. 34
Til félagsm. (hugleiðingar um nýja stjörnusambandsstöð o. fl.)	Bls. 38
Orðsending til félagsmanna .....	Bls. 40

Útgefandi: Félag Nýalssinna  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

## FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI (Almennir fundir)

Í desemberblaðinu (nr. 37) var nokkuð sagt frá starfsemi félagsins á liðnu ári fram til 1. nóv. Verður hér nú haldið áfram að segja þá sögu, með því að rekja í stuttu máli það sem fram fór á félagsfundum í nóvember, desember og janúar.

### Fundur 7. nóvember 1973:

Fundinn sóttu 30 manns, Eftir að fundargerð síðasta fundar hafði verið lesin og samþykkt og inntökubeiðnir fjögurra nýrra félagsmanna samþykktar, var komið að aðalmáli dagskráinnar: sambandsfundastarfinu. Benedikt Björnsson hafði framsögu. Fyrst ræddi hann um leiðir til þess að bæta árangur þessarar mikilvægu starfsemi. En síðan sagði hann fundarmönnum þátt úr ævisögu sinni, um uppruna sinn og heimkynni fyrstu æviárin. Sagði hann allýtarlega frá eigin reynslu af svokölluðum „andlegum málum“, en strax í bernsku varð hann fyrir ýmsri sambandsreynslu. Um nokkurt tímabil eftir 1959 sótti hann oft fundi hjá Láru Guðbrandsdóttur miðli. Eitt sinn er Helgi Pjeturs var þar í sambandi, sagði hann að sambandsstöð myndi verða reist í Kópavogi. Hefir það farið eftir eins og við vitum. Benedikt kvaðst oft heyra sönglög og aðra tónlist, einkum er hann væri einn úti í náttúrunni, t. d. upp til fjalla á sumrin. Lög þessi koma svo skýrt í huga hans að hann getur lært þau og munað. Eitt af þeim lögum sem hann skynjaði á þennan hátt, barst til landsins allöngu síðar undir nafninu „Nótt í Moskvu“. Ýmsu fleiru mjög athyglisverðu sagði Benedikt frá, sem of langt yrði hér upp að telja. Benedikt taldi að miðilsfundir innan félagsins væru það sem mest riði á að efla. Í þeim efnum þurfum við umfram allt að leggja okkur betur fram, sagði hann. Miðlar okkar eru mikilvægustu starfskraftarnir, þeim verðum við að sýna meira traust.

Ýmsir tóku til máls að loknu framsöguerindi Benedikts og ræddu sambandsmálin: Kjartan Norðdahl, Hulda Valdimarsdóttir, Þorsteinn Guðjónsson, Haukur Matthíasson, Sigríður Guðmundsdóttir o. fl. Sigríður ræddi um stillilögmálið, um næmt fólk á miðilsfundum og um nauðsyn góðleika nvers og eins til annarra á slíkum fundum. Var gerður góður rómur að máli hennar.

Þá flutti Helgi Guðlaugsson erindi er hann nefndi „Afstaða Nýalssinna

til trúarbragða“. Las hann ýmsar tilvitnanir úr Nýal, sem hann tengdi við eigin hugleiðingar. Var erindi þessu vel tekið og tóku nokkrir til máls í sambandi við það. Þorstenn Guðjónsson sagð nokkur orð um trúmál og ræddi einnig um ýmis fyrirbrigði er gerast nú á dögum, svo sem „fljúgandi diska“ sem hann taldi vera lífmagnsfyrirbæri, er ekki væri hægt að rengja, því hundruð manna væru vitni að slíkum fyrirbærum um víða veröld. Nefndi hann nokkur dæmi þessu til sönnunar. Það sem á vantaði væri skilningur á eðli fyrirbæranna.

Fleira var ekki tekið fyrir að þessu sinni og var fundi slitið kl. 23.20.

### Félagsfundur 5. desember 1974

Fundurinn hófst með því að bornar voru upp til samþykktar inntöku-beiðnir þriggja nýrra félagsmanna. Síðan las ritari, Ingvar Agnarsson, fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Fundinn sóttu 19 félagsmenn.

Félagsmál voru næst á dagskrá og bar margt á góma. Helgi Guðlaugsson talaði um félagsgjöldin og sagði að nauðsynlegt væri að hækka þau talsvert, sökum þess hve íslenska krónan smækkaði sífeldlega og verðlag allt hækkaði að sama skapi. Sagði hann að stjórnin myndi á næsta félagsfundi leggja fram tillögur um hækkun gjaldanna.

Þá kvaddi formaður sér hjóðs og tilkynnti eftirfarandi: Nú er í prentun vandað félagsrit er ber nafnið „Miðgarður“. Einnig er verið að prenta litla bók um kenningar Nýals. Ætlunin er að hvort tveggja komi út upp úr áramótum. Þá er í undirbúningi einskonar heimildaskrá um Nýals-sinna. Verða þar gerðar persónulýsingar sem fullkomnastar, t. d. með myndatökum, fingraförum, röddum af segulhöndum, sýnishornum af hári, blóðsýnishornum o. fl. Jens Pálsson mannfræðingur mun veita okkur ýmsar leiðbeiningar í þessum efnum.

Þá mintist Benedikt á tækjanefnd, sem skipuð var sl. sumar til að athuga hvaða tæki félagið þyrfti helst að eignast á næstu árum.

Næsta atriði á dagskránni var upplestur. Ómar Bergmann las upp úr bók Ævars Kvarans „Gildi góðleikans“ grein er nefnist „Magt myrkranna“ og fjallar um samband Hitlers og nánustu aðstoðarmanna hans við illan stað, og þau áhrif og afleiðingar er slíkt samband hafði. Var þetta alllóng grein og urðu nokkrar umræður um efnið að loknum upplestri.

Þessu næst flutti Ingvar Agnarsson erindi er hann nefndi „Nýstárlegar kennigar um forsögu mannsins í ljósi Nýals“ og las nokkra kafla úr nýútkominni bók: „Í geimflaug til goðheima“ eftir Erich von Däniken. Leitaðist Ingvar við að skýra framkvæmd hinna ýmsu forsögulegu minja með þeim skilningi sem Nýall leggur okkur í hendur. Þessir tóku til máls um erindi Ingvars: Ævar Jóhannesson, Pétur Gíslason og Þorsteinn Guðjónsson.

Að lokum flutti Þorsteinn Guðjónsson erindi um ástand og horfur á okkar jörð. Birtist erindi þetta í janúarhefti Félagsblaðs Nýalssinna og verður því ekki rakið hér.

### Félagsfundur 2. janúar 1974

Fundurinn var auglýstur í útvarpi og einnig boðaður með bréfi til allra félagsmanna í Reykjavík og nálægum byggðarlögum. Fundarmenn voru 27. Formaður gat ekki mætt sökum veikinda. Gjaldkeri setti fundinn og fól Ragnari Sturlusyni að stýra honum. Eftir að fundargerð hafði verið lesin og samþykkt, skýrði Helgi Guðlaugsson frá því að á nýársdag hefði félaginu borist gjöf frá Magnúsi Guðnasyni, Grund í Blesugróf í Reykjavík, kr. 10.000 sem framlag í byggingarsjóð nýrrar sambandsstöðvar. Er þessi gjöf fyrsta tillag til slíkrar byggingar. Var þessum tíðindum vel fagnað. Í framhaldi af þessu lagði Helgi fram svohljóðandi tillögu frá félagsstjórn:

„Fundur í Félagi Nýalssinna, haldinn 2. janúar 1974, samþykkir að að hefja nú þegar á þessu ári undirbúningsframkvæmdir að byggingu stórrar og fullkominnar stjörnusambandsstöðvar í Reykjavík eða nágrenni. Fyrstu skrefin að þessu mikla verkefni skulu vera þau að tryggja félaginu sem fyrst lóð fyrir slíka stöð á heppilegum stað og hefja nú þegar söfnun fjár í byggingarsjóð. Á þennan hátt vill Félag Nýalssinna minnst 11 alda byggðar á Íslandi“.

Tóku margir til máls um tillöguna og voru allir sammála um að í byggingu slíkrar stöðvar hlyti að verða ráðist í framtíðinni, en sumir töldu þó að Félagi Nýalssinna væri um megn að leggja út í slíka stórfamkvæmd svo fljótt sem hér væri lagt til að gert yrði. Kom að lokum fram tillaga um að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar, og var það samþykkt.

Næst lagði félagsstjórn fram svohljóðandi tillögu um hækkun félagsgjalda:

„Fundur í Félagi Nýalssinna, haldinn 2. janúar 1974, samþykkir að lágmark félagsgjalda á árinu 1974 skuli vera krónur 2.000. — Þó skal gjaldkera heimilt að semja um lægri árgjöld við tekjulitla félagsmenn, svo sem skólafólk, ellilífeyrisþega o. fl. — Ævifélagsgjöld verði framvegis kr. 20.000.

Þessir tóku til máls um félagsgjaldahækkunina: Pétur Gíslason, Höskuldur Frimannsson, Ragnar Sturluson, Atli Hraunfjörð, Sigríður Guðmundsdóttir, Þorsteinn Guðjónsson og Ingvar Agnarsson. Að loknum umræðum var tillaga stjórnar borin udir atkvæði og samþykkt einróma.

Þá las Ingvar Agnarsson upp fyrri hluta greinar úr tímaritinu „Gang-

lera“ um „Rannsóknir á dulsálarfræði í Rússlandi“ sem meðal annars fjallar um rannsóknir á því fyrirbæri, að finna má vatn, málma o. fl. í jörðu, með svokölluðum spásprotta, en vatnsleit hefir lengi verið iðkuð meðal frumstæðra manna með þessari aðferð. Vísindamenn eru nú farnir að gefa þessari leitaraðferð meiri gaum en áður og vænta af því nokkurs árangurs í leit ýmissa jarðefna. Helgi Guðlaugsson skýrði síðan stuttlega frá efni síðari hluta þessarar sömu greinar í „Ganglera“ en sá hluti fjallar um rannsóknir á fjarhrifum ýmiskonar. Síðan ræddi hann nokkuð um lífernifræði og minntist í því sambandi á fugladráp og hversu það færi í vöxt nú á dögum að menn stunduðu hverskyns dýradráp sér til „skemmtunar“. Taldi hann allt slíkt hrein helstefnueinkenni.

Í fundarlok skýrði Þorsteinn Guðjónsson svo frá að þau Grete Ahlberg og Anthony Brooke hefðu nýlega skrifað sér og sagst hafa hug á að heimsækja Ísland á þessu ári og þá líklegast á vori komanda. En eins og skýrt var frá í desemberblaði komu þau hingað til lands í fyrrasumar og dvöldu hér í nokkra daga á vegum Félags Nýalssinna. Vildi nú Þorsteinn vita hvort félagsmenn óskuðu eftir heimsókn þessara erlendu góðkunn- ingja og vildu greiða götu þeirra. Eftir að spjallað hefði verið um þetta mál stundarkorn, var samþykkt í einu hljóði að taka skyldi vel á móti þessum gestum, ef þau skyldu gera alvöru úr að heimsækja Ísland í annað sinn. Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 22.55.

## TIL FÉLAGSMANNA

(hugleiðingar um nýja stjörnusambandsstöð o. fl.)

### I.

Í félagsblaði Nýalssinna nr. 37, var birt ósk til félagsmanna, sem dreifðir eru um allt land, að þeir hefðu, sem flestir samband við stjórn félagsins í Reykjavík, bréflaga. Fáeinir hafa skrifað stjórnarmönnum félagsins og þökkum við þessi tilskrif. En mjög væri æskilegt að fleiri létu til sín heyra. Stjórnin hefur í hyggju að gefa félagsblaðið út örar en áður hefur gert verið. Væri því mikils virði að heyra álit sem flestra félagsmanna, og fá aðsent efni, svo að efnisval blaðsins mætti verða fjölbreyttara. Einnig væri það hvatning fyrir stjórn félagsins, því annars gæti hún dregið þær ályktanir af þögn félagsmanna, að þeim stæði rétt á sama hvort blaðið kæmi út eða ekki. En það er að nokkru hugsað sem tengiliður milli allra félagsmanna.

Stjórnin mun nú samt gera sitt besta til að koma blaðinu út, og gera það sem best úr garði.

### II.

Almennir félagsfundir eru alltaf haldnir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði. Birtum við hér í þessu hefti nokkrar fundargerðir eða úrdrátt úr þeim.

### III.

Eins og jafnan áður, hafa miðilsfundir verið haldnir í viku hverri, og venjulega fleiri en einn vikulega. Auk þess var boðað til opinbers fræðslu- og miðilsfundar laugardaginn 26. janúar. Fundinn sóttu 55 manns. Mikill hluti þess var utanfélags fólk, sem nú kom í fyrsta sinn á miðilsfund hjá félagi okkar. Erindi var flutt í byrjun samkomunnar. Miðill var Sigríður Guðmundsdóttir, og má segja að fundurinn hafi tekist allvel.

### IV.

Auk þess sem Sigríður Guðmundsdóttir tekur þátt í fundum félagsins í Stjörnusambandsstöðinni í Kópavogi ásamt öðrum miðlum, Sveini Haraldssyni og Sigurði Ólafssyni, sem starfað hafa sem miðlar á vegum félagsins frá upphafi þeirrar starfsemi, heldur hún uppi miðilsstarsemi

í Keflavík, þar sem hún á heima. Hefur myndast um þessa starfsemi nokkur hópur fólks, og hafa þeir verið að kynna sér kenningar Nýals eftir föngum. Er þetta mjög ánægjuleg þróun.

Væri æskilegt, að einhver samtök gætu myndast meðal Nýalssinna á ýmsum stöðum á landinu, og að þeir gætu vakið áhuga meðal nágranna sinna, hver á sínum stað.

## V.

Á félagsfundum undanfarið hefur nokkuð verið rætt um undirbúning að byggingu nýrrar og fullkominnar stjörnusambandsstöðvar. — Við vitum að visu, að bygging slíkrar stöðvar er ekki tímabær enn. En ekki væri samt úr vegi, að fara að athuga um staðarval fyrir slíka byggingu. Þótt stöð sú, sem nú er í notkun nægi enn þeirri starfsemi, sem þar fer fram, þá hefur hún frá upphafi verið hugsuð sem fyrsti áfangi að miklu stærra marki. Stór og glæsileg bygging á fögrum stað er það óskamark, sem stefna ber að. En til þess að slíkt takmark verði að raunveruleika þarf samstílt átak mikils fjölda manna, helst allrar þjóðarinnar. Og þá mundu líka sambönd við lífmagnaðar verur annarra stjarna batna svo, að stefna hinnar vaxandi farsældar yrði hér ráðandi.

## VI.

Á hnöttum, þar sem mannkyn eru á framfaraleið, mun öll áhersla vera á það lögð, að bæta lífsamböndin við öflugri lífstöðvar. Eftir ýmsum fróðleik, sem hefur komið fram á miðilsfundum, eru stjörnusambandsstöðvar annarra hnatta fegurri og meiri en allar aðrar byggingar. Þær eru að jafnaði reistar á hálendum stöðum. Svo stórar munu þær vera sumar, að þar rúmast þúsundir manna og tugþúsundir. Þangað sækja menn styrk og magnan. Þar munu koma fram og líkamast lengra komnar verur frá öðrum hnöttum, og allir viðstaddir munu eflast að þrótti og viti.

## VII.

Þótt dauft sé yfir landi okkar sem stendur og raunar yfir heiminum öllum, þá vakir þó með okkur sá draumur, að risið verði úr öskustó, að hér risi sambandsstöð, öflug og fögur, þar sem möguleikar gefast til fegurri lífsambanda, en enn hafa átt sér stað á jörð okkar.

En til þess þarf að hugsa nokkuð fram í tímann, og undirbúa og stuðla að hinni miklu breytingu, sem koma skal.

Tímar eru nú viðsjárverðir. Sofum ei lengur. Hefjumst handa um að bæta lífsamböndin, hver eftir sinni getu og sínum aðstæðum á hverjum stað.

Vonandi á eftir að rætast, það sem eitt sinn var kveðið: „Böl mun alls batna, mun Baldr koma“.

Ingvar Agnarsson.

## ORÐSENDING TIL FÉLAGSMANNA

Félagsblað Nýalssinna, janúarheftið 1974, nr. 38, er einkum helgað sambandsmálefnum og því ekki illa fallið til dreifingar meðal annarra, sem áhuga kynnu að hafa á sambandsmálum.

Ef til vill langar einhvern ykkar til að gefa heftið vinum ykkar eða kunningjum, sem hugsa vilja á náttúrufræðilegan hátt um torráðnar gátur tilverunnar. Ef svo er, skrifið okkur þá nokkrar línur og munum við senda ykkur það sem þið biðjið um.

Með félagskveðju.  
Stjórnin.



## LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM

eftir Þorstein Guðjónsson, hin nýútkomna bók um undirstöðuatriðin í kenningu Nýals, fæst hjá Félagi Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765.

Dreifibréf hefur verið sent félagsmönnum um allt land.

Félag Nýalssinna treystir því, að hver einstakur félagsmaður leggi sig fram um að koma bókinni á framfæri til vina og kunningja, með því að selja hana eða gefa sem flestum sem áhuga hafa á ráðgátum tilverunnar. Því mikilvægt er, að sem flestir landsmenn lesi hana og kynni sér hinar nýölsku kenningar, sem hér eru tengdar því, sem áunnizt hefur í vísindum á síðari árum.

Kæru félagar, hringið eða skrifið, og mun bókin verða send án tafar. Bókin kostar krónur 200.00 auk burðargjalds.

**Félag Nýalssinna.**

## MIÐGARÐUR

Nýtt tímarit hefur hafið göngu sína á vegum Félags Nýalssinna, vand- að að efni og ytri frágangi.

Ætlunin er að út komi tvö hefti á ári. Ársgjald verður krónur 500.00. Fyrsta heftið er komið út og kostar krónur 200.00.

Við væntum þess að allir Nýalssinnar gerist áskrifendur að þessu riti, og stuðli að dreifingu þess til annarra.

**Félag Nýalssinna.**

---

Stjornusambandsstöðin, Álfrólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h.  
Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.